



Til: margret@landmotun.is  
Efni: Re: Fw: Breyting á aðalskiplagi Skaftárhrepps 2010-2022 - umsögn um lýsingu  
Upplýsingar: Sent: 17.04.2018 13:39:12 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030033, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030033

Vísað til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar tillögu að breytingu á aðalskiplagi vegna nýs efnistökusvæðis í Hverfisfljóti í landi Dalshöfða. Efnistökusvæðið er fyrirhuguð vegna virkjunar í fljótinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna. Svo virðist sem það gæti misræmis lýsingunni á stærð efnistökusvæðisins. Á bls. 2 í Inngangi segir að náman sé 1 ha en í töflu 1 á bls. 3 er hún 2,5 ha (25.000 m<sup>2</sup>).

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að sýna viðkomandi efnistökusvæði á loftmynd í skipulagstillögu svo sjá megi nákvæma staðsetningu þess. Eins og svæðið er merkt núna er erfitt að sjá hvar það er og stærð þess, afmarkað með rauðri brotalínu, er í engu samræmi við áætlaða stærð, nær yfir bæði bæ og hraun, þó aðeins sé verið að sýna ónákvæma staðsetningu. Ekki kemur t.d. fram hvoru megin fljótsins náman er en í frummatsskýrslu fyrir virkjun í Hverfisfljóti eru sýnd nokkur efnistökusvæði og er þá spurning hvort þetta sé eitt þeirra. Þetta kemur ekki beint fram í lýsingunni. Mati á umhverfisáhrifum virkjunar í Hverfisfljóti er ekki lokið og því spurning hvort ekki sé eðlilegra að horfa á þetta svæði sem hluta af þeirri vinnu, og þá skipulag samhliða því, þar sem þetta efnistökusvæði er beinlínis ráðgert vegna virkjunarinnar.

Í heimildaskrá er vísað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 en á væntanlega að vera lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 15.03.2018 13:41:18  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: Breyting á aðalskiplagi Skaftárhrepps 2010-2022 - umsögn um lýsingu

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 15.03.2018 13:41 -----

From: Margrét Ólafsdóttir <margret@landmotun.is>  
To: Kristinn Magnússon (kristinn@minjastofnun.is) <kristinn@minjastofnun.is>, "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "gudni@fiskistofa.is" <gudni@fiskistofa.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Date: 15.03.2018 13:31  
Subject: Breyting á aðalskiplagi Skaftárhrepps 2010-2022 - umsögn um lýsingu

---

Heil og sæl

Á fundi skipulagsnefndar Skaftárhrepps 6. febrúar 2018 og sveitarstjórnar þann 8. febrúar 2018 var tekin fyrir aðalskipulagsbreyting vegna nýs efnistökusvæðis í Hverfisfljóti í landi Dalshöfða . Hér með er skipulagslýsingin send Skipulagsstofnunar til umsagnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin er send til umsagnar til Veðurstofu Íslands , Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar, Fiskistofu og Náttúrufræðistofnunar Íslands .

Virðingarfyllt  
f.h. Skipulagsfulltrúa

**[IMAGE]Margrét Ólafsdóttir**  
**Land- og stjórnsýslufræðingur**

LANDMÓTUN sf – hönnun, skipulag, ráðgjöf og kortagerð.  
Sími: 575 5305 [www.landmotun.is](http://www.landmotun.is)